

Samtök orkusveitarfélaga

20. stjórnarfundur

Mánudaginn 13. apríl 2015 kl. 12:15 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Jón Óskar Pétursson, Unnur Lára Bryde, Anna Lóa Ólafsdóttir, Árni Eiríksson og Sigrún Hauksdóttir. Stefán Bogi Sveinsson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem einnig ritaði fundargerð

Þetta var tekið fyrir:

1. Þingsályktun um undanþágur frá fasteignamati

Jón Jónsson frá Sókn lögmannsstofu og Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga sátu fundinn undir þessum lið. Lagt var fram minnisblað sem Jón Jónsson tók saman um stöðu mála varðandi fasteignaskattsálagningu orkufyrirtækja. Rætt var um minnisblaðið og næstu skref samtakanna í þessum efnunum.

Samþykkt að vinna minnisblað þar sem farið er yfir sjónarmið samtakanna vegna breytinga sem nauðsynlegt er að gera á lögum um fasteignamat og óska svo eftir fundi með fulltrúum Landsvirkjunar og Samorku til að fara yfir málið. Í framhaldinu yrði minnisblaðið lagt fyrir ráðherra.

2. Stefnumörkun stjórnar

Farið var yfir stefnumörkunina og hugsanlegar viðbætur.

Formanni og starfsmanni falið að ganga frá stefnumörkuninni og senda hana út á aðildarsveitarfélög til staðfestingar.

3. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga

Lagður fram ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2014 undirritaður af reikningshaldara. Engin athugasemd gerð við ársreikninga.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum, sbr. ákvæði í 2. mgr. 12 gr. laga Samtaka orkusveitarfélaga, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað.

4. Hrein orka

Starfsmanni falið að athuga hvað varð um kolefniskvóta sem kemur fram á orkureikningi landsmanna og hvers virði hann er í raun þar sem orkufyrirtæki eru að bjóða íslenskum fyrirtækjum að kaupa sig frá þessum kvóta..

5. Vorfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Vorfundur samtakanna verður 29. maí nk. á Suðurlandi.

Formanni falið að útbúa drög að dagskrá og senda á stjórnarmenn.

6. Orkufundur

Samkvæmt samþykktum samtakanna á að halda orkufund þau ár sem ekki er aðalfundur. Slíkur orkufundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður.

Samþykkt að halda orkufund í haust í Mývatnssveit og að yfirheiti hennar verði „Orka og ferðaþjónusta“. Nákvæm tímasetning og dagskrá verður ákveðin á næsta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 13:45